

## AUGLÝSING

### um yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. 94. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja.

Hinn 12. mars 2003 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing Íslands samkvæmt 1. mgr. 94. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja frá 11. apríl 1980, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/2001 þar sem sáttmálinn er birtur. Samkvæmt yfirlýsingunni gildir sáttmálinn ekki um samninga um sölu eða gerð þeirra þar sem aðilar hafa starfsstofu í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi eða Svíþjóð.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um Evrópusamning um ríkisfang.

Hinn 26. mars 2003 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um ríkisfang sem gerður var í Strassborg 6. nóvember 1997. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### EVROÐUSAMNINGUR um ríkisfang.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki, sem hafa undirritað samning þennan,

telja að markmið Evrópuráðsins sé að efla einingu meðal aðildarríkja þess,

hafa í huga mikinn fjölda alþjóðlegra gerninga um ríkisfang, margfalt ríkisfang og ríkisfangsleysi,

viðurkenna að í málum, er varða ríkisfang, ber

#### EUROPEAN CONVENTION on Nationality

The member States of the Council of Europe and the other States signatory to this Convention,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its members;

Bearing in mind the numerous international instruments relating to nationality, multiple nationality and statelessness;

Recognising that, in matters concerning